

21. Frumvarp

til laga er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

I. KAFLI.

Um innflutningsheimild og innflutning.

1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað, að láta flytja inn sauðfé af brezku holdafjarkyni á kostnað ríkissjóðs til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi.

Framkvæmd laganna og öll mál, er standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Eigi má flytja inn önnur sauðfjarkyn en Oxfordshiredown og Leicester, og einungis frá þeim héruðum í Skotlandi, sem dýralæknaráð Skotlands gefur vottorð um, að lifrarormasýki (Leverfluke) eigi þar ekki heima né aðrir skæðir búfjársjúkdómar, sem ekki liggja hér í landi, og að gin- og klaufaveiki hafi eigi gert þar vart við sig tvö síðastliðin ár, áður en innflutningur fjárins fer fram.

3. gr.

Enga kind má flytja inn, nema henni fylgi vottorð frá skoðum dýralækni, að hún sé eigi haldin neinum næmum sjúkdómi og að gætt hafi verið allra varúðarráðstafana, sem ákveðnar kunna að vera í skoðum lögum, því til tryggingar, að fé, sem selt er þar úr landi til kynblöndunar í öðrum löndum, sé eigi haldið næmum sjúkdómum.

4. gr.

Eigi má fyrst um sinn flytja inn sauðfé til annara hafna hér á landi en til Reykjavíkur, og einungis með þeim skipum, er koma þangað beinustu siglingaleið frá Skotlandi.

Einstökum mönnum eða félögum má eigi leyfa innflutning.

II. KAFLI.

Um sóttvarnir.

5. gr.

Nú er afráðið að flytja inn erlent sauðfé samkvæmt lögum þessum og skal þá atvinnumálaráðherra sjá um, að til verði hentug sóttkvi til þess að flytja það í, og allt undirbúið til að veita því viðtöku til hirðingar þegar í stað. Er honum heimilt að taka til þess Lundey við Kollafjörð eða aðrar eyjar, er hentugar þættu og fáanlegar væru, eða haganlegt svæði í landi, er fást kynni og yrði tryggilega girt.

6. gr.

Þá er skip það kemur í höfn, sem féð flytur, skal dýralæknir tafarlaust skoða hverja kind og gefa atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um ástand og heilsufar fjárins. Ef hann álitur féð heilbrigt, skal það flutt beina leið í sóttkvína. Þar skal það síðan vera í tvö ár eða lengur, ef ástæða þykir til.

Ef féð er flutt í umbúðum, skal flytja það í þeim í sóttkvína og má eigi flytja umbúðirnar þaðan, nema þær séu áður sótthreinsaðar tryggilega og dýralæknir veiti leyfi til þess.

Eigi má flytja innlent búfé í innflutningsskipið, meðan hið innflutta fé er þar og eigi fyrr en örugg sótthreinsun hefir farið fram í lestarrúmi því, er það var í, nema dýralæknir álíti hana óþarfa.

Þegar hið innflutta fé er komið í sóttkvi skal það sem fyrst bólusett gegn bráðafári.

7. gr.

Nú er fleira fé flutt inn, en í sóttkvinni verði haft, eða áður en liðin eru tvö ár frá því að innflutt fé var látið þangað, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt að taka aðrar eyjar eða önnur fulltrygg svæði til afnota, er ríkið á eða tekur á leigu. En ætíð skal dýralæknir fylgja fénu, þar til það er komið á sóttkviunarstaðinn, eða fulltrúi hans, sem ráðherra hefir samþykkt.

8. gr.

Innfluttum kindum, sem haldnar eru, eða grunur leikur á að haldnar séu einhverjum skæðum sjúkdómi, sem óþekktur er í íslenzku sauðfé að álíti dýralæknis eða forstöðumanns rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna, skal tafarlaust lóga, þegar þess verður vart og fara með eftir ströngustu sóttvarnareglum.

Nú kemur slíkur sjúkdómur fram, eða grunur um hann, eftir að féð er

í sóttkvi komið og skal svo með fara, sem nú var sagt, og eigi má þá sleppa fé úr þeirri sóttkvi, eða taka þangað annað fé, fyrr en liðin eru 2 ár.

9. gr.

Fé, sem í sóttkvi er, skal vera undir eftirliti þess dýralæknis, er næstur situr, nema ráðherra leggi öðruvísi fyrir, og skal því eftirliti hagað eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur þar um.

10. gr.

Eigi má annað fé hafa á sóttvarnarstöðum á sóttvarnartíma, en hið innflutta fé, samanber þó 11. gr.

III. KAFLI.

Um einblendingsrækt.

11. gr.

Meðan hið innflutta fé er í sóttkvi (2 ár eða lengur), skal það látið æxlast og öll lömb látin lifa, sem lífvænleg þykja. Jafnframt skal kaupa nokkrar ær islenzkar, helzt 3—5 úr hverjum landsfjórðungi, setja þær saman við hið útlenda fé og láta þær fá lömb við hinum innfluttu hrútum. Lömbum þeirra skal öllum lóga, og hrútlömbum ekki síðar en 15. október, nema gelt séu. Ær þessar skulu háðar sömu sóttvarnarreglum sem hið innflutta fé. Veikist þær af einhverjum iskyggilegum kvilla, skal með þær fara eftir fyrirskipun dýralæknis.

12. gr.

Nú hefir innflutt fé verið í sóttkvi tilskilinn tíma og er ósjúkt, að álitu dýralæknis. Er þá atvinnumálaráðherra heimilt að selja hrúta einstökum mönnum, fjárræktarfélagum, eftirlits- og fóðurbirgðafélagum, búnaðarfélagum og sveitarfélagum til einblendingsræktar, enda hafi kaupandinn áður undirgengizt þær skuldbindingar, er atvinnumálaráðherra setur um meðferð og notkun slíkra hrúta og afkvæma þeirra.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um einblendingsrækt til leiðbeiningar fyrir þá, sem hana vilja stunda. Skal þar einnig sýnt með dæmum fram á, hvert tjón getur hlotizt af misnotkun hennar og greint frá hver viðurlög eru, ef útaf reglunum er brugðið.

14. gr.

Lóga skal öllum einblendingum hvert haust fyrir októberlok, nema geldingum, sem menn kynnu að vilja láta lifa. Finnist einblendingur lifandi eftir 1. nóv. og er ekki geldingur, skal þegar lóga honum. Sé hann þá lifandi sam-

kvæmt ákvörðun eða vilja eiganda, skal eigandi sæta sektum, auk þess sem kindin skal vera eign ríkissjóðs.

Eiganda einblendinga er óheimilt að selja þá öðrum, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra, eða fulltrúa þess, sem ræðir um í 17. gr., enda sé ekki um sölu til slátrunar að ræða. Sama gildir um hrúta af útlendu kyni.

Afkvæmi einblendinga, er finnast kunna, skulu eign ríkissjóðs, en eigandi sæti sektum, ef þau eru til orðin með vilja hans og vitund.

15. gr.

Eigendum hrúta af erlendu kyni og einblendinga er skylt að tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, fulltrúa þeim, sem um getur í 17. gr., eða dýralækni tafarlaust, ef vart verður við eða grunur leikur á, að það fé sé haldið einhverjum kvillum eða sjúkdómum, sem óvenjulegir eru eða óþekktir í íslenzku sauðfé.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur krafizt þess, að þeir sem stunda einblendingsrækt gefi því árlega skýrslu um fjárrækt sína í því formi, sem því þykir við eiga, einkum um frálagsverðmæti fjárens, bæði einblendinga og annars sláturfjár.

17. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðlierra að skipa fulltrúa í hverri sveit, þar sem stunduð er einblendingsrækt, til þess að hafa eftirlit með því, að hlýtt sé ákvæðum laga þessara og öðrum fyrirmælum í sambandi við þau. Með erindisbréfi skal ákveða skyldur og vald slíkra fulltrúa.

IV. KAFLI.

Um stofnfjárrækt.

18. gr.

Nú þykir sýnt, að áliti Búnaðarfélags Íslands að einblendingsrækt sú, er um ræðir í lögum þessum, megi verði hér til verulegra hagsbóta. Er þá atvinnumálaráðherra heimilt að auka innflutninginn svo, að fullnægt megi verða eftirspurn eftir hrútum af hinu innflutta kyni, enda sé i engu brugðið frá reglum þeim um innflutning og sóttvarnir, sem að framan greinir, svo og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar verða vegna eftirspurnar.

Í þessu skyni heimilast ráðherra, að stofna og láta reka bú, eitt eða fleiri á kostnað ríkissjóðs til hreinræktar á hinu innflutta kyni, eða kynjum. Ræður hann þá bústjóra til að veita slíkum búum forstöðu og gefur þeim erindisbréf.

V. KAFLI.

Um brot, sektir o. fl.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum allt að 2000 krónum.

Verði einhver uppvis að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru álvarlegu broti á lögnum, skulu auk sekta hrútar þeir, er hann á af innfluttu kyni, vera upp-tækir og eign rikissjóðs.

20. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lög-reglumál.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu, er orðið við margendurteknum óskum einstakra manna, fjárræktarféлага og Búnaðarþinga um að leyfður verði innflutningur á bráðþroska sauðfjárkynjum frá Bretlandi til einblendingsræktar og hreinræktar hér á landi, til þess að sýnt megi verða hvern ábata slík kynblöndun getur gefið hér, en vonir manna um ábatann styðjast við góða reynslu annara þjóða af einblendingsrækt; er hún víða mikið notuð og m. a. mjög í Bretlandi sjálfu.

Með lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 og lögum nr. 25, 9. júlí 1909 um breytingar á þeim, var bannaður innflutningur á útlendu kvikfé til þess að sporna við því að hingað flyttust búfjárvillar, sem hér voru ekki til í búfé. Þessi lög voru felld úr gildi með lögum nr. 22, 15. júní 1926, sem aftur voru felld úr gildi með lögum nr. 11, 23. apríl 1928, sem nú gilda um þetta efni. Undanþágu frá innflutningsbanninu má þó stjórnin veita enda séu þá jafnan settar reglur um öruggar varnir gegn því að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með hinum innfluttu dýrum. Hefir verið leyft að flytja inn nokkur dýr, en þó ekki á síðustu árum nema hunda, ketti, refi og stofufugla og svo gæsir frá Færeyjum. Um leyfi til innflutnings á nautgripum mun aldrei hafa verið sótt, síðan lögin voru sett, en margsinnis hefir verið beðið um leyfi til að mega flytja inn sauðfé, en aldrei verið veitt. Hefir þetta verið gert í samráði við ráðunaut stjórnarinnar í þeim málum, dýralækninn í Reykjavík, aðallega af ótta við að með hinu innflutta fé flyttist hingað lifrarormasýki, sem landlæg er í öllum votlendum héruðum Bretlands, en alls ekki skæð, eða gin- og klaufaveiki.

sjúkdómar með innfluttu kvikfé. En hins vegar er á það að lita að þeir geta borizt hingað á ýmsan annan hátt en með kvikfé, aðstaðan er að sumu leyti betri nú en áður, til að verjast þeim, eða sporna við útbreiðslu þeirra, hagsvoinin af einblöndun er meiri nú en nokkru sinni áður, síðan möguleikar urðu á því að flytja kælt og fryst kjöt á brezkan markað, og nú er málið um innflutning fjár til einblöndunar og hreinræktar tekið upp á öðrum grundvelli en nokkru sinni áður hefir verið hugsað til, þar sem það er nú ríkið eitt sem er innflytjandi, og með frumvarpinu er svo um búíð að mjög er dregið úr allri áhættu, sem annars getur verið innflutningnum og kynblönduninni samfara. Að öðru leyti en því, sem hér er tekið fram vísast til eftirgreindra athugasemda um hina einstöku kafla frumvarpsins, svo og til sögulegs yfirlits um málið eftir Metúsalem búaðarmálastjóra Stefánsson, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal.

Um I. kafla.

Í upphafi laganna er svo ákveðið, að ríkisstjórnin ein hafi heimild til að flytja inn sauðfé hér til lands, til einblöndunar. Heimildin er bundin við tvö brezk fjárkyn, þau er líkindi eru til að orkað geti bráðustum þroska lamba undan islenzkum ám, ef þeim er haldið undir hrúta af þessum kynjum.

Þótt nefnd séu tvö brezk kyn, þá er það ætlun stjórnarinnar og áform ef frumv. verður að lögum, að einungis verði flutt inn fé af Oxfordshire-downkyni fyrst um sinn, þar til séð verður hver árangur verður af blöndun þess við islenzk fjárkyn. Verði hann góður, má búast við, að enn betri árangur fáiast við kynblöndun með Leicesterkyni, sem er bráðþroskaðra og stórvaxnara en Oxfordshire-down. Að rétt þykir þó að byrja með hið síðarnefnda kyn kemur til af því, að einblendingar af því kyni (grásnoppungar) eru auðkennilegri en einblendingar af Leicester kyni sökum þess að þeir hafa mórautt höfuð og fætur en hvítan bol. Er því betra að þekkja þá og varast áframhaldandi kynblöndun þeirra með islenzku fé, en hana ber að varast eigi síður en sjúkdóma þá er hugsanlegt er að fylgi innfluttum fjárkynjum.

Eðli þess máls, er lögín ræða um, gerir það sjálfsagt, að atvinnumálaráðherra fari með framkvæmd laganna í samráði við Búnaðarfélag Íslands og dýralæknana, einkanlega dýralækninn í Reykjavík, og sennilega eingöngu við hann, ef Lundey ein yrði notuð sem sóttkvi, eða annar staður nærri Reykjavík.

Verði góður árangur af einblöndun, þá hlýtur það að leiða til þess, að hér verði hreinræktaður stofn af hinu innflutta fé, til þess að betur megi fullnægja eftirspurn eftir hrútum af því kyni, enda mundi það flýta fyrir útbreiðslu þeirra og verða ódýrara en innflutningur allra hrúta er hér þyrfti að nota. En vitanlega þyrfti öðru hverju að flytja inn hrúta til þess að bæta stofninn, og fá í hann nýtt blóð.

Lifrarormasýki er sá sjúkdómur, er mest hefir verið óttast, að hingað kynni að flytjast, ef leyfður yrði innflutningur fjár frá Bretlandi. Vegna lifnaðarhátta lifrunnar getur sýkin eigi komið sér við nema í mýrlendum héruðum, og í sumum héruðum Skotlands er hún þess vegna ekki til. Fyrir því er hér bannað, að flytja inn fé frá öðrum héruðum en þeim, sem ósýkt eru af veiki

þessari. Þá er og að sjálfsgöðu sett það skilyrði fyrir innflutningi, að dýralæknisvottorð fylgi hinu innflutta fé, og áskilið, að fylgt hafi verið þeim varúðar-ráðstöfunum, sem ákvæði kunna að vera um í brezkum lögum, því til varnar, að þaðan sé flutt út fé, sem haldið er einhverjum næmum sjúkdómum. Slik ákvæði munu vera til, og sett í sama skyni og þau lagaákvæði sem sett eru um vöruvöndun, til þess að tryggja markað fyrir viðkomandi vörur.

Til enn frekari tryggingar gegn því, að sjúkdómar berist hingað með hinu innflutta fé, er bannað að flytja það inn til annara hafna en Reykjavíkur og með öðrum skipum en þeim. er hingað koma beinustu siglingaleið frá Skotlandi. Er þá auðveldara að stemma stigu fyrir útbreiðslu sjúkdóma, sem hugsanlegt er að hingað kynnu að berast með hinu innflutta fé, heldur en ef innflutningsstaðir væru margir, m. a. vegna þess að í Reykjavík nýtur bezt aðstoðar rannsóknarstofu ríkisins í þágu atvinnuveganna og allrar þekkingar á heilbrigðismálum. Í sama skyni er bannað að leyfa einstökum mönnum eða félögum innflutning, en búast má við að um það verði sótt, ef vel gengur í fyrstu með kynblöndunina.

Um II. kafla.

Öll ákvæði í þessum kafla laganna eru sett til þess að tryggja það enn betur, en gert er með 1. kafla, að ekki flytjist hingað sjúkdómar með hinu innflutta fé, og til að stemma stigu fyrir útbreiðslu þeirra, ef þeirra yrði vart.

Með því að hafa féð í sóttkvi í 2 ár, má telja alveg útilokað, að það sé haldið nokkrum næmum sjúkdómum, ef þeirra verður ekki vart innan þess tíma. En til þess að fyrirbyggja allt samband milli hins innflutti og innlenda fjár, áður en innflutta féð er komið í sóttkvi og meðan það er þar, eru ákvæði 5. gr. sem banna að taka innlent búfé í innflutningsskipið, fyr en innflutta féð hefir verið tekið og lestarrúm sóttreinuð, ef þess er talin þörf, — og ákvæði 6. og 7. gr. er heimila atvinnumálaráðherra að taka Lundey við Kollafjörð fyrir sóttkvi og að nota aðrar eyjar er ríkið á, eða ráðherra tekur á leigu á sama hátt.

Með því að flytja innflutta féð tafarlaust, beinustu leið og undir eftirliti dýralæknis út í eyjar, og halda því þar í tvö ár, er girt fyrir allt samband milli þess og innlenda fjárins, svo sem bezt má vera á sóttvarnartímanum.

Gefist kynblöndunin vel í fyrstu, má þegar búast við mikilli eftirspurn eftir innfluttum hrútum, þá má og búast við, að rétt þyki, og ekki verði undan því komið, að flytja inn fleira fé en í Lundey má hafa og örara, en hver líópurinn sleppur þaðan úr sóttkvi, einkanlega ef sjúkdómar kæmu í ljós, svo að lengja þyrfti sóttvarnartímann, en þó ekki svo alvarlegir, að þeirra vegna yrði tekið fyrir allan frekari innflutning.

Ákvæði 8. gr. um að lóga skuli tafarlaust fé, sem sýkt er eða grunað um að sýkt sé af næmum og skæðum sjúkdómi hér óþekktum, eru svo sjálfsgöð að engrar skýringar er þörf um þau.

Þar sem öll ákvæði II. kafla hniga að því, að fyrirbyggja allan samgang og allt samband við innflutta féð í tvö ár eftir að það kemur til landsins þá leiðir þar af, að ekki má nota hrútana handa íslenskum ám á sóttvarnartímanum — utan sóttkvíarinnar.

Um III. kafla.

Í 11. gr. eru ákvæði um það, að byrjað skuli þegar eftir innflutning hins útlenda fjár á tilraunum með hreinræktun þess, sem annars ræðir um í IV. kafla frumvarpsins. Til þess að nokkuð verði úr hreinræktartilraunum, þarf því auk hrútanna að flytja inn allmargar útlendar ær. Auk þess þykir rétt að gera þegar tilraun með sláturfjárblöndunina meðan féð er í sóttkvi og hafa þar nokkrar islenzkar ær með hinu fénu. Með því að hafa þannig allmargar kindur saman í sóttkvinni ynnist það tvennt, að líklegt er að sjúkdóma sem kynnu að flytjast með útlenda fénu hlyti frekar að verða vart í mörgu fé, þar sem þeir gætu frekar leynst í örfáum kindum, en hlytu að koma fram og sýkja ótvíræðlega eitthvað af mörgum kindum saman og hinsvegar gæti stofninn aukizt meðan á sóttkvinni stendur, ef svo vel vildi til að engin sýki kæmi fram í fénu, sem verður að teljast vonandi og líklegust. Ætti með því að hafast nokkuð upp í kostnað við geymslu innflutta fjárins og á þann hátt að verða til fleiri hrútar við lok sóttkvíunartímabilsins en ella. — Ennfremur fengist með framangreindu fyrirkomulagi þegar á sóttkvíunartímanum nokkur reynsla um það, hvernig einblendingar af útlendu og islenzku fé yrðu.

Þessi kafla ræður annars um notkun hrúta af innfluttu kyni til einblendingsræktar, og setur skorður við því, að þeir verði notaðir á annan hátt þar sem bannað er algerlega, að nota afkvæmi þeirra til undaneldis. Öll ákvæði kaflans hniga að því beint eða óbeint, að gera ráðherra mögulegt, að framfylgja því banni og koma í veg fyrir alla misnotkun innflutta fjárins og afkvæma þess með innlendu fé (kynblendinganna í 1. lið). Á þann hátt, að af yrði áframhaldandi kynblöndun og óregluleg. Eftir erlendri og innlendri reynslu um einfalda kynblöndun (einblendings eða háfblóðsrækt) er meiri fullvissa fyrir því, að hér megi fá miklum mun bráðþroskaðri lömb og meiri til frálags með einfaldri kynblöndun milli islenzkra og brezkra fjárkynja, eins og til er ætlast með frumvarpi þessu, en eins víst er og hitt, að með áframhaldandi blöndun, sem verða mundi óregluleg hjá flestum eða öllum, og ætíð leiða til óreglulegrar kynblöndunar, að lokum, yrði innlendu kynstofnunum spillt, og eyðilagður árangur sá og hagsmunir, er verða mættu af einblendingsrækt. Fyrir því eru hér sett allitarleg lagaákvæði í því skyni, að útiloka misnotkun innflutta fjárins, sbr. einkum 14. gr.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir að hrútar af innfluttu kyni verði seldir bæði einstökum mönnum og félögum sveitabænda. Meðan lítið er af hrútum þessum, má búast við að færri geti fengið þá en vilja, og er þá vegur til nokkurrar úrlausnar fyrir marga að félög fái þá til afnota fyrir sína meðlimi líkt og nú er um kynbótanaut og kynbótahesta.

Gert er ráð fyrir í 12. gr., að kaupendur hrúta af innfluttu kyni undirgangist vissar skuldbindingar, viðvikjandi meðferð og notkun hrútanna og afkvæma þeirra.

Það menn hér eru almennt ókunnugir einblendingsrækt og ófróðir um afleiðingar reglulausrar framhaldskynblöndunar, þykir nauðsynlegt að um þetta verði gefnar út leiðbeinandi reglur og skýringar, og er gert ráð fyrir þeim í 13. gr.

Ákvæði 15. gr. er sjálfsgöð varúðarráðstöfun.

Gagnlegt og fróðlegt er að fá skýrslur þær, sem um ræðir í 16. gr. og því rétt að heimilt sé að krefjast þeirra, einkum meðan reynsla er að fást í þessum efnum.

Það er nauðsynlegt að með því sé haft nákvæmt eftirlit að reglur þær séu haldnar, sem settar eru um einblendingsræktina, einkum um það að ekki blandist kynstofninn. Þykir því rétt að heimilt sé að skipa trúnaðarmann í hverri sveit til að lita eftir, að engin misnotkun eigi sér stað, og er því ráðherra veitt þessi heimild í 17. gr. frv.

Um IV. kafla.

Það er áður tekið fram í umsögn um I. kafla, að góður árangur af einblöndun hljóti að leiða til þess, að hér verði hreinræktaður stofn af hinu innflutta kyni eða kynjum, og er þá bæði átt við það, að skýrslur þær um árangur kynblöndunar, sem um ræðir í III. kafla, sýni að auka megi vænleik lamba vegna bráðþroska, er af kynblöndun leiðir, svo að veruleg hagsbót sé að og eins hitt, að ekki hafi hlotizt tjón af sjúkdómnum, er fylgt hafi hinu innflutta fé eða rekja megi orsakir að til þess.

Í IV. kafla laganna eru sett ákvæði um það hvernig haga skuli hreinræktun og þykir ekki fært að óreyndu, að gera ráð fyrir öðru, en að rikið eigi sjálfst og reki hreinræktarúin á sinn kostnað; en fari allt að óskum og gangi slyslaut getur svo farið, að ástæða þygi til, að veita einstökum mönnum, eða fjárræktarfélagum rétt til þess að reka slík bú, því að allmikið þarf af hreinræktuðum hrútum, til þess að fullnægja þörfinni ef einblendingsrækt yrði almenn um allt land, og mestmegnis yrði slátrað einblendingslömbum og e. t. v. einblendingssauðum.

Um V. kafla.

Þarf ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Forfeður vorir, er hér námu land í fyrstu, komu hingað flestir austan um haf frá Noregi, en þó líka allmargir vestan um haf frá Írlandi, Orkneyjum og Hjaltlandi, og fluttu með sér búfé frá fyrri heimkynnum sínum. Má því ætla, að sauðfé og annar búpeningur hér á landi, sé upprunalega ættað úr þeim löndum, er landnámsmennirnir komu frá. Og kynblöndun, sem síðar hefir átt sér stað fyrir innflutning frá öðrum löndum, hefir ekki náð að gera neina gagngerða breytingu á islenzku búfé, eða setja á það annan svip né gefa því önnur einkenni, heldur hefir það mótazt mest af náttúrufari landsins og aðbúð manna um hiðnar aldir. Þó hófust hér tilraunir til kynbóta á sauðfé um miðja 18. öld við kynblöndun með útlendu fé, og er öllum landsmönnum enn kunnugt um fyrstu tilraunirnar í þessa átt, þótt liðið sé nú hátt á aðra öld síðan þær

hófust, ekki vegna þess að þær tilraunir hafi breytt íslenskum fjárkynjum og mótað þau, heldur sökum þeirra sorglegu afleiðinga, sem af þeim hlutust, fjárkláðanum, sem háð hefir íslenskri sauðfjárrækt tilfinnanlega, og hnekkkt landbúnaðinum ýmislega alla tíð síðan.

Fyrstu upptök að innflutningi útlendra sauðfjárekynja hingað til lands til kynbóta, mun mega rekja til þess, að stungið var upp á því 1737 af Mathias Jockimsen Vogel, að komið væri hér upp ullarverksmiðju og flutt inn ensk fjárkyn til kynbóta. Skyldi þá eðlilega leggja aðaláherzluna á að bæta ullina. Segir Þorv. Thoroddsen að verið á íslenskri ull hafi þá venjulega verið 3—4 skildingar pundið, en á finustu erlendri ull um 48 sk. Var því til mikils að vinna ef takast mætti með kynblöndun við finullað fé, að gjörbreyta ullarfari íslenska fjárins.

Þó varð eigi af framkvæmdum fyrr en 1756, er hingað var sendur sænsk-ur fjárræktarmaður, F. W. Haslfer barón með 10 enska hrúta, og stofnað kynbótabú með þeim og 100 íslenskum ám á Elliðavatni. Er svo sagt að Haslfer léti byggja sér stofu mikla og fjárhús, meira en flestar kirkjur hér á landi í þá daga og alpiljað. Haslfer dvaldi hér skamma stund í það sinn, en 4 árum síðar eða 1760 kom hann út hingað aftur og hafði þá með sér spánska hrúta og er talið að með þeim hafi flutzt hingað fjárkláðinn (fyrri), er fór um land allt, á árunum 1762—1780 og gerði stórtjón, svo sem kunnugt er. Bendir hin skjóta útbreiðsla fjárkláðans til þess, að hrútar hafi verið keyptir víðsvegar að frá kynbótabúinu á Elliðavatni og að landsmenn hafi álitid það gagnlegt og vænlegt til góðs árangurs. Má því ætla, að kynblendingarnir hafi þótt álitlegir, enda er það alkunna, að kynblöndun leiðir oft til mikils þroska í fyrstu, en áhrifin verða skammvinn, og þegar frá liður einatt þau ein, að rugla og dreifa þeirri kynfestu, sem fyrir kann að hafa verið í heimakyninu.

Tólf árum eftir innflutning spönsku hrútanna eða 1772 var fyrirskipaður niðurskurður á öllu fé og niðurrif allra fjárhúsa á kláðasvæðinu. Er svo talið að alls hafi farizt og verið að velli lögð vegna fjárkláðans um 280 þús. fjár. Eftir önnur 12 ár féll fénaður landsmanna í móðuharðindunum. Féllu þá, að því er menn ætla, um 177 þús. fjár og eftir lifðu tæp 50 þúsund alls í landinu.

Þrátt fyrir þær hörmungar, sem fylgdu í spor þessara fyrstu tilrauna með innflutning sauðfjár, til kynblöndunar og kynbóta hér á landi, og vel hefði mátt riða slíkri umbóta viðleitni að fullu, er þó haldið áfram öðru hverju að flytja inn útlendar kindur til kynbóta hér framyfir aldamótin 1800, og virðist ekki fjarri sanni að draga þar af þá ályktun, að menn hafi þótt sjá góðan árangur af kynblönduninni, þar sem allt gekk slysalaust og er, að minnsta kosti af sumum þeim mönnum, er dómbærastir mega teljast um slíka hluti nú á dögum, litið svo á, að enn sjái merki þeirrar kynblöndunar, sem þá var. Má í því sambandi nefna Kleifaféð í Dalasýslu og Strandasýslu, er þykir bera vott um áhrif af cheviotfé.

Á fyrsta fjórðungi 19. aldar kveður mest að kynbótatilraunum Magnúsar Stephensen, konferenzráðs. Var þá bæði flutt íslenskt fé til Danmerkur (1802) og blandað þar með spönsku fé, og spanskt og enskt fé hingað. Lætur

Magnús vel af tilraunum með isl. fé i Danmörku, og sennilega hefir það ýtt undir hann með að fá hingað spánskan hrút (og enska hrúta) árið 1809. Undir þennan hrút voru leiddar fyrsta veturinn 50 finullaðar ær veturgamlar. Síðan var hann notaður í 2—3 vetur og þótti vel reynast. Reyfi hrútsins vóg óþvegið 11—12 merkur, en af afkvæmi hans veturgömlu rúmar 8 merkur og af tvævetru 10 merkur.

Árið 1816 fékk Magnús aftur veturgamlan merinó hrút og ær af sama kyni, og gaf afkvæmi þeirra um Borgarfjörð, Vestur- og Norðurland. Hjá Magnúsi sjálfum þótti afkvæmi þetta vel gefast, en annarstaðar fara ekki sögur af árangrinum. Segir Þorv. Thioroddsen að isl. ull hafi þá verið seld almennt á 24 skildinga pundið, en fyrir ulhna af kynblendingunum fékk Magnús 1 rd. fyrir pundið. Þessar o. fl. tilraunir Magnúsar með útlenda kynblöndun urðu til þess, að fleiri fengu á þeim árum útlent fé — sennilega mest merinó — einkum til ullarbóta. Segir svo í Gesti Vestfirðingi að ullargæði hafi batnað hjá nokkrum vestra fyrir þá sök, að þeir hafi fengið útlent fé með mjúkri og því nær toglausri ull, með þeim árangri, að ull kynblendinganna verði hálfu betri en almennt gerist og þriðjungi þyngra hvert reifi. Kynblendingarnir gangi eins vel fyrir sér á vetrum og sé engu lakari til frálags en alislenskt fé.

Hversu langvinn eða drjúg til frambúðar áhrif þessarar kynblöndunar hefir orðið verður ekki um dæmt, en á þessum tíma virðist allt hafa gengið slysalaut. Árið 1854 hafði bóndinn í Svignaskarði farið þess á leit, að honum væri útvegaður spánskur hrútur og ær. Ári síðar er hrúturinn sendur hingað og 2 ær, einnig af spönsku kyni (Infantados). Fara eigi neinar slysa-sögur af þessum kindum, en sama sumarið koma hingað 4 ensk lömb, er áttu að fara að Hraungerði í 21. viku sumars, en voru um tíma í Miðdal í Mosfellssveit. Er talið að þessi lömb hafi sýkt fé þar af fjárkláða og að með þeim hafi seinni fjárkláðinn borizt hingað til landsins. Næstu árin hér á eftir urðu illvígar deilur hér í landi milli tveggja öndverðra flokka: niðurskurðarmanna og lækningamanna, út af fjárkláðanum og hörð barátta gegn þeim ófögnuði. Var stefnum beggja flokka framfylgt, en hvorugri til fulls, enda varð árangurinn eftir því: Sauðfjártalan í landinu lækkaði um framt að 200 þús. (= 38,8%) á árunum 1855—1859, en kláðinn lifði eftir sem áður, og hefir ekki tekizt að útrýma honum enn, þrátt fyrir margitrekadur tilraunir til þess og m. a. gagngerða gangskör að því, laust eftir síðustu aldamót. Innflutningur fjár til kynbóta hér á landi, hefir oftár átt sér stað en nú hefir verið nefnt, en ekki er ástæða til að rekja það mál lengra hér. Þó skal þess enn getið, að Jón Jónsson, bóndi á Veðramóti í Skagafirði, flutti inn hrút af skozku kyni frá Lalandi, 1878. Hefir Hermann Jónasson sagt svo frá, að afkvæmi þess hrúts í fyrsta lið — „hálfblóðsféð“ hafi þótt mjög fallett, og hafi Jón selt hálfblóðshrúta á 50 krónur, sem þá var óþekkt verð á hrútum. Einn af þessum hrútum hafði veturgamall 32 kg. skrokk. Annar ættliður þótti reynast bezta beitarfé, en úr því kom tilbreytnin, sumt var fallett með glöggum einkennum útlenda föðurkynsins, en aftur varð annað mesta rýrðarfé og mun það að lokum hafa fengið yfirhöndina almennt.

Þótt sagan um innflutning sauðfjár hér til lands, til kynblöndunar og

kynbóta sé raunasaga og tilraunirnar hafi orðið landsmönnum harmabrauð, ef það er rétt, sem allir trúá, en verður þó tæplega sannað, að fjárkláðinn hafi borizt hingað með innflutta fénu, og þótt ekki verði með fullum rökum sýnt að þessar tilraunir hafi orðið að nokkru varanlegu gagni, fyrir islenzka sauðfjárrækt; þá virðist á hinn bóginn augljóst, að ætíð hafi útlenda féð mótað afkvæmi sin í fyrsta lið mjög greinilega, ullin verður finni og meiri eftir merinós-hrútana, þroski afkvæmanna bráðari og frálagið meira, þegar um holdsfé er að ræða. Og eftir þeirri þekkingu og reynslu, sem menn hafa nú um kynblöndun, er þetta það sem vænta mátti og annað ekki, þegar tillit er tekið til þeirrar takmörkuðu þekkingar og að mörgu leyti röngu hugmynda, sem menn á þeim tíma höfðu á og gerðu sér um erfðir eiginleika, þeirrar aðstöðu, sem menn höfðu hér á landi til reglubundinnar kynblöndunar og þess kynbótastofns, sem fyrir var í landinu.

Nú er það kunnugt, að með kynblöndun, þ. e. æxlun milli óskyldra kynja, má sameina ólíka kosti þeirra og eiginleika hjá afkvæminu „kynblendingnum“, þegar í fyrsta ættlið, og ná þannig skjótum árangri og oft miklum, þegar í stað, einkanlega ef um góð kyn er að ræða, vel ræktuð og kynföst, en slík kyn fást bezt með náinni skyldleikarækt, sem farið hefir á undan kynblönduninni. Séu hinsvegar kynblendingarnir notaðir til undaneldis (gagngerð kynblöndun) þá bregður mjög til beggja vona um arfgengi þeirra, og mörg góð kyn hafa verið eyðilögð með gagngerðri en óreglulegri kynblöndun. Kynblendingarnir hafa arfgengismöguleika tveggja ólíkra kynja, og aldrei verður fyrir fram vitað, hverjir ráðandi verði, eða hverjar eiginleika samstæður (eða ósamstæður) verða rikjandi hjá afkvæmum þeirra, þegar fram í sækir, nema öll framkvæmd kynblöndunarinnar sé hnitmiðuð eftir föstum reglum, byggðum á niðurstöðum vísindalegra arfgengisrannsókna, en þess er ekki að vænta, að almenningur geti fylgt þeim reglum svo sem þarf, til þess að ákveðnum árangri og settu takmarki verði náð með gagngerði kynblöndun.

Allt öðru máli gegnir um einfalda kynblöndun, þar sem kostir tveggja kynja eru sameinaðir í einum ættlið „hálfblendingnum“, sem ekki er gefið færi á að geta afkvæmi. Sú aðferð er mjög tíðkuð í sauðfjárrækt Breta, og það er kunnugt að engin þjóð stendur þeim á sporði í búfjárrækt, og heita má, að allar þjóðir heims hafi sótt „nýtt blóð“ í búfé sitt til Breta, og þó er það ekki fyr en um 18. öld, að nokkurt orð fer af þeim í þessum efnum umfram aðrar þjóðir. En þá vekjast þar upp menn eins og Bakwell, Ellman, Webb, Collingsbræður o. fl., sem gera garðinn frægan.

Af sauðfjárkynjum Breta er Border-Leicester féð einna frægast, og svo segja fróðir menn að nú finnist vart það fjárkyn í heiminum, sem nokkurs er um vert, er ósnortið sé af áhrifum frá því. Hrúturinn sem Jón á Veðramóti flutti inn 1878 var af því kyni (eða oxfordshiredown). Undan honum og islenzkri á fékk hann veturgamlan hrút með 32 kg. skrokk, og var það þá alveg óþekktur vænleiki í því byggðarlagi. Jón H. Þorbergsson segir að Leicester féð hafi um 20% meiri kjötpunga en islenzkt fé, samanborið við lifandi þunga og það er mjög bráðþroska. Líkt má segja um svarthöfða (Blackface) og Oxfordshire-

down-féð í Bretlandi hvað þroska snertir, en þó stendur það ekki jafnfætis Leicester kyninu.

Bretar hafa nú um 27 miljónir fjár, og engir hafa vænna fé en þeir til frálags. Stafar það m. a. af því, hve framúrskarandi kyn þeirra eru og af meðferð fjárins og eldi til slátrunar. En einna mest má þó þakka þetta tímgunaraðferð þeirri, er þar tíðkast, en það er „háflblóðs“-tímgun. Aðal-fjárstofn-Skota, t. d. að taka, er Cheviot fé, sem að vísu er gott fjárkyn, en hvorki eins stórt eða bráðþroska og hin kynin, sem nefnd eru hér á undan. Til þess að fá vænna fé (aðallega lömb) til frálags, hafa þeir hrúta af Leicester eða Oxfordshiredown kyni handa þeim ánun, um $\frac{3}{4}$, sem þeir ætla að lóga undan, en Cheviot hrúta handa hinum og halda þannig stofninum hreinum, því að háflblóðsféð nota þeir aldrei til varanlegs undaneldis. En jafnhliða háflblóðs eða einblendings ræktinni (half bred) viðhafa þó Bretar einnig nokkuð tvíblendings rækt þ. e. a. s. að háflblóðs ám er haldið undir Oxfordshire-down eða Hampshire hrúta, og verður þá afkvæmið blendingur þriggja kynja með fjórðungs blóðblöndun frá tveimur kynjum og helmingsblöndun frá einu. Slikir kynblendingar kallast down-cross, og kynblöndunaraðferðin sömuleiðis.

Einblendingar undan Cheviot-ám og Leicester hrútum kallast háflblendingar (half bred), en undan svarthöfða ám og Leicester hrútum grásnoppungar (grey faced). En séu foreldrin háflblendings- eða grásnoppungsær og Oxfordshire- eða Hampshire-hrútar, kallast afkvæmi eins og áður var sagt „down-cross“.

Allir þessir kynblendingar eru miklum mun vænni til frálags á jöfnum aldri (bráðþroskaðri) en hreinræktuðu kynin, eins og sjá má af eftirfarandi dæmum, sem tekin eru úr ritgerð Hallgríms Þorbergssonar: Blöndunarrækt á Englandi, í 23. árg. Búnaðarritsins og eru frá árinu 1909.

1. dæmi:

Grásnoppungslömb seldust á	kr. 20—26
Svarthöfðalömb	— 14—20

Verðmunur því kr. 6—12

2. dæmi:

Grásnoppungslömb seldust á	kr. 34
Svarthöfðalömb	— 22

Verðmunur því kr. 12

Öll voru lömbin jafngömul og höfðu búið við sömu kjör frá upphafi. Þau voru ekki vegin, en gízkað var á, að grásnoppungslömbin hefðu vegið til jafnaðar 15—17½ kg. meira en svarthöfðalömbin.

Þá tilfærir Hallgrímur eftirfarandi dæmi frá sýningu, er hann var á í Edinborg 2. og 3. desember 1908:

Fjartegund	Tala	Lömb		Tala	Sauðir	
		Aldur mánuðir	Meðalþyngd ensk pd.		Aldur mánuðir	Meðalþyngd ensk pd.
Grásnoppungar	3	7	162	3	19	249
Svarthöfðar	3	7	134	3	19	217
Mism.			28			32
Hálfblandingar	3	7	172	3	19	271
Cheviot	3	7	139	3	19	230
Mism.			33			41
(Suffolk + Leicester)	3	9	216	3	21	330

Allt var þetta fé stríðalið fyrir sýninguna og feitara en gott þykir, til slátrunar, en tölurnar sýna þyngdarmuninn, sem af kynblönduninni stafar.

Jón H. Þorbergsson tilfærir eftirfarandi dæmi frá Hjaltlandi, um verðmun á kynblendings-lömbum og hreinkynjuðum (Búnaðarrit 29. ár. bls. 44—45):

	Söluverð	Verðmunur
1. Grásnoppungar 4½ mán.	kr. 18.63	
Svarthöfðalömb 4½ mán.	— 6.37	kr. 12.26
2. Kynblandingar 4½ mán.	— 14.56	
Hjallensk lömb 4½ mán.	— 5.46	— 9.10
3. Grásnoppungar 5 mán.	— 23.66	
Svarthöfðalömb 5 mán.	— 15.38	— 8.28
4. Grásnoppungar 5 mán.	— 29.12	
Svarthöfðalömb 5 mán.	— 16.40	— 12.72

Jón getur þess, að stærðarmunur lambanna sé að visu minni, en verðmunurinn segir til, sökum þess að lömbin eru keypt til fitunar á fóðurrófum og túnunum og kynblendingslömbin eru bráðproskari og taka því betur eldinu. Og því má bæta við, að kjöt þeirra er betri markaðsvara og selst því hærra verði.

Enn tekur Hallgrímur dæmi af tveim bændum á Norðymbralandi: Annar hefir 500 ær af hreinu svarthöfða kyni og selur 400 lömb undan þeim fyrir 16 krónur hvert til jafnaðar, alls kr. 6400.00. — Hinn hefir 200 hreinkynjuð svarthöfða lömb og 300 hálfblendingslömb og selur 100 hreinkynjuð svart-höfðalömb á 16/— kr. 1600.00 og 300 hálfblendingslömb á 22/— — 6600.00

Alls kr. 8200.00

Báðir hafa jafnan tilkostnað, en sá sem hefir einblendingsræktina fær 1800 kr. meira fyrir jafnmörg lömb, og það eru 300 hálfblóðslömb, sem gera þenna mun.

Þessi og fleiri dæmi, sem þeir hafa dregið fram og þekkja af veru sinni í Skotlandi, Hallgrímur og Jón Þorbergssynir, sýna hversu mikill ávinningur getur verið af einblendings- eða hálfblóðsaðferðinni í sauðfjárræktinni, þegar annarsvegar (hrúturinn) er af bráðproska holdakyni, enda hafa þeir o. fl. nú

milli 20 og 30 ár verið ákveðnir talsmenn þess, að þessi fjárræktaraðferð yrði reynd hér á landi og hafa margsinnis sýnt fram á, hvers arðs mætti af henni vænta, vegna bráðari þroska og þar af leiðandi meiri þunga kynblendinganna, er ekki mundi sízt koma fram á lömbunum, en þau eru nú mestur hluti sláturfjárins, sem kunnugt er.

En það er ekki einungis að lömbin yrðu þyngri og meiri til frálags, heldur mundi og kjötið verða betra, meiri samrýskja og fastari feitín, svo að það félli betur í smekk Breta, en þar er nú helzta markaðsvonin fyrir útflutningskjöt það, sem flutt er út kælt og frosið, og að því ber efalaust að stefna, að koma öllu kjötinu þannig á erlendan markað. Vegna meiri kjötgæða hjá kynblendingunum má búast við hærra verði á hvert kg. en ella, og kæmi það þá til viðbótar við kjötpungann — og þyngri gætur.

Það var fyrst árið 1905 að Hallgrímur Þorbergsson fór fram á það við stjórnina að fá að flytja inn 2 Cheviotkindur, er bóndi einn á Norðymbralandi hafði gefið honum, til þess að flytja þær hingað, en sú málaleitun fékk enga áheyrn. Og eins hefir farið um beiðnir einstakra manna og félaga og margendurtekna áskoranir Búnaðarþings, um að leyfður væri innflutningur brezkra fjárkynja til kynblöndunar hér á landi. Hafa stjórnarvöld landsins stuðzt þar við lög um bann gegn innflutningi lifandi gripa til landsins og um varnir gegn næmum sjúkdómum og svo við álit dýralækna, einkanlega Magnúsar sál. Einarssonar, er var ráðunautur stjórnarinnar í slíkum málum og lagði ætið eindregið móti innflutningi sauðfjár og annars búpenings. Óttaðist hann einkum að með fénu kynni að flytjast hingað skæðir sjúkdómar, sérstaklega lifraryktusýki, svo og að verða mundi áframhaldandi og reglulaus kynblöndun, er spilla mundi íslenzku fjárkyni, gera það kvillasamara og innflutningurinn verða einnig af þeirri ástæðu fjárræktinni og landbúnaðinum til tjóns. Samkvæmt stöðu sinni hlaut dýralæknir að benda á þessar hættur og vara við þeim, og engu síður hinni síðarnefndu, einkanlega þegar beiðnir komu frá einstökum mönnum, og engin lög voru til, er heimiluðu stjórninni ákveðið eftirlit og taunhald á innflutta fénu og notkun þess, eftir að það var komið til landsins og úr sóttkvi. Væri búið að veita einum undanþágu frá ákvæðum laganna um bann gegn innflutningi, þá væri örðugra að synja öðrum, er bæðu um innflutningsleyfi, en við slíkum beiðnum mætti þá ætið búast, ef allt gengi slysalaust í fyrstu.

Hinsvegar mátti og búast við augljósum árangri af kynblönduninni þegar í stað, og þá var sú hættan á ferðum, að menn freistuðu að reyna að festa þá kosti, er í ljós kæmu í kyninu, með áframhaldandi kynblöndun, en slíkt hefir víða illa gefizt og oftsinnis orðið til stórtjóns, einkanlega þegar mikið hefir á milli borið um eiginleika hinna blönduðu kynja og lífskjörin, sem þau hvort um sig eru uppalin við, til orðin og við vanin. Og hér hefði verið um allmikinn mun að ræða og hætt við ömurlegum eftirköstum af viðvarandi kynblöndun, jafnvel enn alvarlegri en af fjárkláða og öðrum verstu kvillum sauðfjárins.

Báðar þessar hættur eru enn til, og þegar stjórnin ber nú fram frumvarp til laga um innflutning fjár til einblendingsræktar, þá gerir hún það í þeirri vissu von, að það megi verða til þess, að framleitt verði hér miklum mun vænna og verðmeira sláturfé en nú gerist, og í fullu trausti þess að bændur skilji, að

hér er ekki um „kynbætur“ að ræða, heldur einungis sláturfjárþætur, þar sem lögin banna stranglega, að kynblendingarnir megi auka kyn sitt og leyfa stjórninni hverskonar ráðstafanir, er hún telur nauðsynlegar til þess að fyrirbyggja að svo verði.

Þá eru og með lögunum gerðar svo sterkar varúðarráðstafanir gegn innflutningi búfjársjúkdóma, með hinu innflutta fé, að meiri sjúkdómshætta stafar af ýmsum öðrum innflutningi, sem lengst af hefir verið leyfður hindrunarlaust, því að á margan annan hátt geta þeir sjúkdómar borizt milli landa, sem búfjarrækt stendur mikil hætta af, en með innflutningi lifandi gripa.

Á það má og benda, að þar sem sótt er eftir brezku fé til kynblöndunar svo að segja um allan heim, og sá útflutningur er Bretum drjúg tekjulind, þá muni þeir sjálfir leggja allt kapp á að hafa hraust fé og kvillalaust og gera ráðstafanir heima fyrir í þá átt, t. d. með því að hafa útflutningsfé í sóttkvi áður en það er flutt úr landi. — Þess skal og getið, að um 1860 gekkst landsstjórnin norska fyrir því, að farið var að flytja inn fé til Noregs frá Skotlandi til gagngerðra kynbóta, og 1890 var stofnað í Noregi kynbótabú með Cheviotfé, sem enn er rekið (Hodne). Hefir ætið síðan verið innflutningur fjár frá Skotlandi til Noregs, og bústjórinn á Hodne hefir gefið Jóni H. Þorbergssyni þær upplýsingar 1914, að hann viti ekki til að neinir kvillar hafi borizt með brezku fé til Noregs — og mun svo vera enn. En lifrarkytusýkin var að visu áður í Noregi, en hefir aldrei verið þar skæður sjúkdómur, og frá Skotlandi hefir Jón H. Þorbergsson það eftir góðum heimildum, að þar í landi muni ekki drepast úr þeirri veiki nema 2—3 fullorðnar kindur af þúsundi. Og í þurrlendum sveitum þar hefir alls ekki orðið vart við veikina. Er þá sjálfsagt, ef til innflutnings kemur, að flytja féð inn frá þeim héruðum, og beita á annan hátt allri varúð við innflutninginn, sem tryggt getur, svo sem verða má, að það fé sé heilbrigt, sem inn er flutt.

Í nálega aldarfjórðung hefir innflutnings- og kynblöndunarmálið verið á dagskrá búnaðarþinganna og búnaðarþingsfulltrúarnir hafi yfirleitt verið fylgjandi innflutningi og oftsinnis látið í ljós óskir og áskoranir til stjórnarinnar að leyfa innflutning, en það hefir aldrei fengið áheyrn af þeim ástæðum sem fyrr eru nefndar.

Skal nú rakin hér stuttlega saga málsins á búnaðarþingum.

1. Á Búnaðarþingi 1907 kemur fram umsókn frá Sigurgeir Jónssyni frá Baldursheimi um styrk til að rækta Cheviot-fjarkyn. Kynbótanefnd, sem hafði málið til meðferðar, sá sér eigi fært að mæla með styrkbeiðninni að svo stöddu, þar sem engar áætlanir liggja fyrir um kostnað við tilraunina, og svo telur nefndin vafasamt hvort fjarkynið (Cheviot) sé heppilega valið.

2. Árið 1911 kemur til Búnaðarþings umsókn frá Kynblöndunarfélagi Þingeyinga, en það félag var stofnað fyrir forgöngu Hallgrims Þorbergssonar í þeim tilgangi, að reyna enska kynblöndun, um allt að 750.00 kr. styrk til að kaupa 8 kindur af tveim enskum fjarkynjum (Leicester og Oxfordshire-down) 4 af hvoru, og gera með þær blöndunartilraunir til sláturfjárframleiðslu.

Búfjarræktarnefnd lagði þá til, að félaginu verði, ef til kemur, veittur styrkur þannig, að Búnaðarfélagið greiði það sem 8 kindur, að meðtöldum

kostnaði, kosta fram yfir 750.00 kr., eftir reikningi, er Búnaðarfélagið samþykkir, þó ekki yfir 500.00 kr. (samþ. með 7 : 3 atkv.), og „Nefndin treystir því að sjálfsgöðu, að innflutningur kinda þessara verði því aðeins leyfður, að öruggt sé að ekki stafi sjúkdómshætta af“ (samþ. i e. hl.).

Ekkert varð af framkvæmdum fyrir kynblöndunarfélaginu sökum þess, að synjað var um innflutningsleyfi.

3. Fyrir Búnaðarþingið 1913 og 1915 koma engin erindi um innflutning fjár til kynblöndunar, en á síðara þinginu lét búfjárræktarnefndin í ljósi þá ósk, að félagsstjórnin gangist fyrir því, að fá fullnaðarvitneskju um þau vandkvæði, er á því eru, sakir sýkingarhættu, að flytja inn kynbótapening til takmarkaðrar kynbótablöndunar á sláturfé.

Í nefndaráliti sínu um fjölgun búfjárræktarráðunauta, gerir hún ráð fyrir að þeir séu tveir; hafi annar með höndum öll mál, er snerta nautgripi og hross, en hinn sauðfjárræktina, og segir í sambandi við það: „Þar er einnig mikið óunnið verk fyrir liendi og getur drjúgum aukizt. Allra helst, ef sú stefna verður ofan á, sem eigi er ólíklegt, að byrjað verði á innflutningi sauðfjár til kynblöndunar á sláturfé“.

Má af þessu ráða, að það er enn skoðun Búnaðarþings, að taka skuli upp einblendingsrækt á sauðfé.

Félagsstjórnin leitar síðan álits dýralæknanna Magnúsar Einarssonar, Sigurðar Hlíðar og Hannesar Jónssonar, og eru svör tveggja hinna fyrr nefndu birt í 30. árg. Búnaðarritsins, bls. 278—283. — Þar er og álit dýralæknaráðsins í Kaupmannahöfn, en svar Hannesar er í 31. árg., bls. 180—188. Er vísað til svara þeirra hér, af því að þau eru of löng, einkum hið síðasta, til þess að taka þau hér upp. Allir benda þeir á, að ýmiskonar sýkingarliætta geti stafað af innflutningi og hvetja til varúðar um innflutningsleyfi, svo sem þeim bar að gera. Magnús bendir á, að ýmislegt þurfi að breytast hér til hins betra, áður en líkur séu til að innflutningur verði oss að gagni, en „vera má að þeirra breytinga verði ekki afarlangt að bíða og mætti þá, ef til vill ætla, að óhættara yrði að leyfa það, sem nú virðist ekki vera takandi í mál“.

Hannes segir m. a.: „Ryðji sú skoðun sér meira og meira til rúms, að það sé stórt tap, sem landbúnaðurinn bíði við það, að vera bægt frá því að blanda bústofninn, mun veita erfitt að spyrna móti broddunum til lengdar, og mætti þá svo fara að byrjað yrði á innflutningi meira af kappi en forsjá. Gætu þá leikar farið þannig, að betra hefði verið að leyfa fyrr takmarkaðan innflutning, og reyna að búa svo um, að sýkingarhættan við hann yrði svo litil sem unnt er“ „og minnka mætti mjög mikið sýkingarhættuna við innflutning búfjár, er hann væri mjög takmarkaður og bundinn ströngum varúðarreglum“.

Dýralæknaráðið danska réði þá frá því, að innflutningsleyfi væri veitt.

4. Á aðalfundi Búnaðarfélagsins vorið 1917 flytur Jón H. Þorbergsson erindi um innflutning búfjár, og bar að lokum fram svohljóðandi tillögu:

„Fundurinn óskar að Búnaðarþingið mæli með því við landsstjórnina, að

leyft verði að flytja inn Border-Leicester-fé, til þess að tilraunir verði gerðar með það hér bæði til blöndunar sláturfjár og til viðhalds því hér á landi“.

Um tillöguna urðu nokkrar umræður milli tillögumanns og Páls Zóphoniassonar annarsvegar, en Magnúsar dýralæknis Einarssonar hinsvegar. Kemur enn fram í þeim umræðum, að það er einkanlega lyfraryktusýkin, sem Magnús óttast, og þó engu síður áframhaldandi kynblöndun, svo og að innflutta féð muni illa þola þau lakari lifskjör, sem það verður hér við að búa, og verði þess vegna kvillasamt.

Páll Zóphoniasson bendir á, að hafa mætti innflutta féð í eyjum 3–4 ár, áður en það kæmi saman við innlent fé, og benti á Breiðafjarðareyjar — sem dýralæknirinn á Vesturlandi var þá í nánd við — og Hrisey í Eyjafirði.

Í bréfi til Jóns H. Þorbergssonar frá dýralæknaráðinu í Kaupmannahöfn, dags. 12. sept. 1916, bendir ráðið á, að hafa innfluttu kindurnar, ef einhverjar yrðu, í eyju, eða á afgirtum tanga í tvö ár, áður en þeim yrði sleppt með öðru fé.

Að loknum umræðum samþykkti fundurinn tillögu Jóns með 13 : 3 atkv.

5. Næsta stig málsins á þessum vettvangi er það, að á Búnaðarþingi 1917 kemur fram erindi frá kennurum bændaskólans á Hvanneyri um tilraunir með kynblöndun á erlendu og innlendu sauðfé í fyrsta lið — og erindi frá Jóni H. Þorbergssyni, þá bónda á Bessastöðum, um styrk til sauðfjárræktabús, fyrst og fremst að viðhafðri innlendri kynblöndun, þ. e. með aðfengnu innlendu úrvalsfé, í öðru lagi kennsla í fjárrækt, og ef innflutningur yrði leyfður, blöndun með innfluttu fé til sláturlambaframleiðslu og hreinræktun innflutta fjárins. Búfjárræktarnefndin lagði til, o gþingið samþykkti í einu hljóði, að heita Jóni 1000 kr. styrk hvort árið 1917 og 1918, og vilyrði fyrir áframhaldandi styrk, til þess að koma upp sauðfjárræktarþú og reka það. Þótt það komi ekki fram í þingtiðindunum, þá er það vitað, að áform Jóns um einblendingsrækt og hreinræktun erlendra kynja réði nokkru um undirtektir þær, er málið fékk. Sýnir það hug búnaðarþingsfulltrúanna til innflutnings og kynblöndunartilrauna, og engin kynbótabú fengu þá hærri styrk árlega en 200 krónur. Hvanneyringar gera þá tillögu um innflutninginn, að samið yrði við einhvern eyjabónda, þar sem fé þarf aldrei að koma í land, um að hirða erlenda féð, undir eftirliti dýralæknis, eins lengi og hann telur þurfa, til þess að vissa fáist fyrir, að féð sé hraust og ekki haldið neinum nýjum sjúkdómum. Nefndin hefir ekkert við þessa tilhögun að athuga, en bendir á, að eftirlitið yrði þá að fela dýralækninum vestra eða nyrðra, þar sem Magnús Einarsson hafði þá tekið það fram við einn nefndarmanninn „að hann vildi ekki taka að sér neina umsjón með innflutningi erlends sauðfjár“.

Nefndinni er það áhugamál að flýta megi tilrauninni svo sem mest gæti orðið að ósekju, en vill þó leggja það á vald dýralæknanna að ráða því, hverjar sóttvarnarráðstafanir yrðu við hafðar, ef til innflutnings kæmi.

Ætlast nefndin til, að þeir, sem innflutningsins óska greiði verð fjárins og allan kostnað, annan en sóttvarnarkostnað, er ríkissjóður greiði.

Telur nefndin það mjög æskilegt og mikið nauðsynjamál, að sem fyrst geti fengizt lausn á því, að hverju gagni það mætti koma, að flytja hingað bráð-

þroska erlent holdafé, til þess að koma hér upp vænum kynblendings lömbum til slátrunar og gengur út frá því sem visu, að félagsstjórnin, í samræmi við samþykktir Búnaðarþings (sbr. m. a. samþ. um styrk til J. H. Þorbergss.) veiti styrk í því skyni, eftir því sem þörf krefur og getan leyfir.

Tillaga nefndarinnar varð svo þessi:

„Búnaðarþing felur félagsstjórninni að skora á landsstjórnina að leyfa innflutning á sauðfé til blöndunartilrauna, til framleiðslu sláturlamba, undir eftirliti og með ráði dýralækna, og jafnframt að landssjóður beri þann kostnað, er sóttkvíunin liefir í för með sér“.

Tillaga þessi var samþykkt í einu hljóði á Búnaðarþingi; henni var þó ekki beint til landsstjórnarinnar, vegna viðskiptateppunnar sem þá var.

6. Málinu miðaði því ekki fræn, en áhuginn fyrir því var enn vakandi og nú er það Búnaðarsamband Austurlands, er sendir Búnaðarþingi 1919 erindi um innflutning sauðfjár til sláturfjársjóta. Gat þáverandi forseti Eggert Briem þess, er hann lagði þetta erindi fyrir þingið, að Landbúnaðarfélagið danska hefði ákveðið, að styrkja slíkar tilraunir, og er þá átt við að fé, sem tilfellur Íslandi af Hansens-sjóði árin 1917—1921 verði varið til styrktar slíkum tilraunum, en því fé getur Búnaðarfélagið reyndar ráðstafað á hvern þann hátt er því sýnist, landbúnaðinum til eflingar, og í samráði við Landbúnaðarfélagið. Forseti gat og þess, að hann hefði átt tal við prófessor Bang í Kaupmannahöfn og væri það álit hans, að búa mætti til serum, til þess að kanna hvort kind væri sýkt eða ekki.

Annað erindi barst og því þingi frá Jóni H. Þorbergssyni þar sem hann fer fram á 5000 kr. styrk til þess að kaupa og flytja inn 8 kindur af Leicester fé frá Bretlandi, og gera tilraunir með það, bæði til blöndunar til sláturfjár og til hreinræktunar. Í búfjárræktarnefnd áttu þá sæti núverandi formaður félagsins, forsætis- og atvinnumálaráðherra, báðir núverandi búnaðarmálastjórar, ásamt Guðmundi Þorbjarnarsyni og Jóni H. Þorbergssyni.

Tillaga nefndarinnar um þessi erindi var ein og svohlj.:

„Búnaðarþing felur félagsstjórninni að skora á ríkisstjórnina að leyfa innflutning á sauðfé til kynblöndunartilrauna, undir eftirliti og með ráði dýralæknis, og heimilar félagsstjórninni að veita í þessu skyni allt að 5000 kr. styrk, í eitt skipti fyrir öll, enda sé tilraunin gerð undir eftirlit Búnaðarfélagsins“.

Nefndin leggur áherzlu á, að settar verði nákvæmar sóttvarnarreglur og eftirlit haft með, að þeim sé fylgt.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt í einu hljóði.

7. Enginn árangur varð af þessari samþykkt og engin erindi bárust Búnaðarþingi 1921 um innflutning sauðfjár, en búfjárræktarnefndin tók málið upp með svohljóðandi ályktun:

Í framhaldi af ályktun síðasta Búnaðarþings, er það einróma álit búfjárræktarnefndar, að skora enn á ný á félagsstjórnina, að beita sér fyrir því, að leyfður verði innflutningur á lifandi sauðfé og gera tilraunir með einblendingsrækt með enskum kjötsöfnunarrútum og okkar innlenda fjárstofni.

Í þessu skyni álitur nefndin, að nægilegt sé, nú fyrst um sinn, að kaupa tvo enska hrúta og heimila til þess allt að 2500 kr. — Samþ. með 9:2.

8. Enn varð engu um þokað, stjórnin hélt fast við það, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að synja algerlega um innflutningsleyfi og eftir að forseti hafði svarað fyrirspurn frá Halldóri skólastjóra Vilhjálmssyni á Búnaðarþingi 1923 um hvað málinu liði þá og fengið þessar upplýsingar, bar hann fram eftirfarandi tillögu:

„Búnaðarþingið skorar á félagsstjórnina enn á ný, að beita sér fyrir ályktun síðasta Búnaðarþings, að leyfður verði innflutningur á ensku sauðfjárhaldakyni, til þess að gera einblendingstilraunir með því og okkar innlenda sauðfjástofni“.

Tillagan var samþykkt að við höfðu nafnakalli með 8:1 (Guðjón Guðlaugsson greiddi eigi atkvæði, Jósep Björnsson var farinn af þinginu en Jón H. Þorbergsson var ekki á fundi).

9. Enn var áskorun Búnaðarþings að engu höfð og á Búnaðarþingi 1925 gerðist ekki annað í málinu, en að samþykkt var að leggja styrkinn af A. V. Hansens-sjóði 1917—1921, í sérstaka sparisjóðsbók, unz hægt er að framkvæma þær blöndunartilraunir, með ensku og íslenzku fé, er stjórn sjóðsins (Det kgl. danske Landhusholdningselskab) ætlast til að framkvæmdar séu, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands, að fá leyfi sjóðsstjórnarinnar til þessa.

Eins og áður er getið (tölul. 6) hafði landbúnaðarfélagið danska áður ráðstafað fénu í þessu augnamiði, eftir tillögum forseta Búnaðarfélagsins, E. Briem. En með þessari ályktun vill Búnaðarfélagið tryggja það, að þeirri ráðstöfun verði ekki breytt, þótt ófyrirsjáanlegur dráttur verða, að hægt sé að framfylgja henni, og sýnir hún að þingið er enn sama sinnis sem áður um innflutninginn, þótt það í þetta sinn sé þreytt á, að endurtaka áskoranir sínar til ríkisstjórnarinnar um innflutningsleyfi.

10. Það ber heldur ekki vott um áhugaleysi eða stefnubreytingu í málinu, þótt því sé ekki hreyft á Búnaðarþingi 1927 eins og sjá má af meðferð málsins á þinginu 1929.

Þá kemur erindi frá stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, er þá var nýstofnað, og sækir um styrk, til að flytja inn nokkrar kindur af brezku holdafjarkyni, til einblendingstilrauna hér á landi. Búfjarræktarnefnd fékk málið til meðferðar, og þar sem álit nefndarinnar og tillaga sýnir afstöðu Búnaðarþings til innflutningsmálsins nú, þykir rétt að taka það hér upp í heild að mestu leyti:

„Nefndin telur erindi þetta frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga mjög merkilegt. Búnaðarþingið hefir oft haft þetta mál til meðferðar. Málið hefir til þessa strandað á því aðallega, að Magnús sál. Einarsson dýralæknir var jafnan eindregið mótfallinn því, að innflutningur þessi væri leyfður. Sumir ráðherranna, er setið hafa að völdum síðan málaleitun þessi komst á gang, hafa verið því fylgjandi að tilraunin yrði gerð, en ekki þótt hafa heimild til þess í lögum,

Þegar dýralæknir, ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum, lagði á móti því. — Það, sem vakir fyrir erindisaðila er, að leiða í ljós hagnaðinn af einblendingsrækt, sem yrði hér í því fölginn, að blanda saman hrútum af brezku holdafjarkyni og hreinkynjuðum íslenskum ám.

Þegar kjötmarkaðurinn tók að breytast í það horf, að neytendur gerðu kröfur aðallega til kjöts af dilkum, voru það Bretar, sem fundu út þessa aðferð, til þess að framleiða vænni lömb. Hefir hún síðan breiðzt út um nýlendur þeirra og víðar, og þykir hvervetna bera góðan árangur.

Nú er hér hafinn útflutningur á frosnu dillakjöti til Englands, og í sambandi við það hefir þegar komið í ljós, að dilkar okkar þykja rýrir og ekki útgengilegir á brezkum markaði. — Miklar líkur eru til, að með kynblöndun þeirri er hér um ræðir yrði ráðin bót á þessu.

Í sambandi við innflutning á hinu brezka fé, er sjúkdómshættan aðalþyrnir í augum landsmanna. En þess ber að gæta, að aðstaðan er ólík nú og á fyrir tímum, þegar fjárkláðinn barst hingað til landsins með erlendu sauðfé. Þá voru hér engir dýralæknar, og engar ráðstafanir til varúðar gerðar. Þekking á alidýrasjúkdómum var hér sama sem engin og á lágu stigi hjá öðrum þjóðum, en nú er allt öðru máli að gegna í þessum efnum, sem kunnugt er.

Berum við því fram eftirfarandi tillögu:

„Búnaðarþingið litur svo á, að innflutningur á brezku holdafé til einblendingsræktar geti haft mikla fjárhagslega þýðingu, sérstaklega í sambandi við útflutning á frystu kjöti, og telur því fulla þörf á, að þessu máli sé sinnt og tilraun gerð hið bráðasta. Þess vegna samþykkir það, að veita Búnaðarsambandi S.-Þing. 300. kr. styrk í þessu skyni, gegn þeirri skuldbindingu að hlíta þeim reglum, um innflutning fjárins og sóttkvíun, er dýralæknar setja og Stjórnarráð Íslands samþykkir“.

Tillaga nefndarinnar var samþ. með 6:5 atkv.

Af atkvæðagreiðslunni mætti álykta að nú væri Búnaðarþingið klofið í þessu máli, sem verið hefir á dagskrá þess meira en 20 ár, alltaf verið stutt þar og oftast einhuga. En það er umsækjandinn og styrksupphæðin, sem ágreiningurinn var um og sumir fulltrúarnir þóttust vita með vissu, að innflutningur yrði ekki leyfður, og þess vegna væri þýðingarlaust að samþykkja tillöguna. Hinsvegar sést það að allir fulltrúarnir eru fylgjandi innflutningi á því, að samþykkt er í einu hljóði eftirfarandi tillaga frá fjárhagsnefnd: Búnaðarþingið ákveður, að sjóður af Hansens-legati, sem til er í Búnaðarfélagi Íslands, að upphæð um 2000 kr. verði ávaxtaður, ásamt því fé, sem við hann bætist, og að honum á sinum tíma verði varið til styrktar innflutningi á brezku holdafé til einblendingsræktar“.

Er þetta að efni til sama tillagan sem samþykkt var á Búnaðarþingi 1925 um ráðstöfun á styrknum úr Hansens-sjóði og sýnir samþykkt hennar það, að Búnaðarþingið vill að Búnaðarfélagið sé viðbúið að styrkja innflutning sauðfjár til einblendingsræktar, hvenær sem innflutningsleyfi fæst veitt.

Þessi saga málsins á Búnaðarþingum sýnir, að svo að segja allir forsvarmenn landbúnaðarins, og forgöngumenn landbúnaðarframfara, sem þar

hafa átt sæti s. l. aldarfjórðung, hafa verið fylgjandi innflutningi holdafjarkynja frá Bretlandi til einblöndunar með íslenzku fé til sláturfjársbóta.

Undirstaða þessara stefnu er annarsvegar sannfæring um það — byggð á margfaldri reynslu annara þjóða — að með slíkri kynblöndun megi fá hér miklum mun vænna sláturfé, og hinsvegar augljós og knýjandi þörf bænda á því, að auka afrakstur bóa sinna, og aðal-söluafurðir bóanna, og þær einu til útflutnings, sem teljandi eru, eru einmitt sauðfjárafurðirnar. Aldrei hefir þörfin verið jafnknýjandi sem nú fyrir meiri framleiðslu söluafurða, og aldrei meiri ávinnings von af bættri kjötframleiðslu, síðan möguleikar urðu á því, að senda kælt og fryst kjöt til Englands, og telja má víst að með einfaldri kynblöndun megi framleiða hér kindakjöt, sem betur fellur í smekk Breta, en það kjöt, sem nú er framleitt hér, og hefir áður verið á það drepið í greinargerð þessari.

Á hina hliðina er sýkingarhættan, sem innflutningi fylgir, og alltaf hefir orðið sá þröskuldur á vegi þessa máls, sem varnað hefir framgangi þess, og hættan, sem stafað getur af óreglulegri kynblöndun. Bæði þessi atriði eru vissulega viðsjárverð, en enda þótt innflutningur sauðfjár sé ekki áhættulaus fyrir heilbrigði innlenda fjárstofnsins og kynblöndunin tvieggjað sverð, ef brugðið er oftar en um sinn, svo og að óhöpp og misbrúkun góðra ráða, verði eigi með lögum útilokuð, þá er það þó líklegt að svo megi um hnútana bóa, ef innflutningurinn er algerlega á vegum ríkisvaldsins og öll framkvæmd málsins háð skírum lagaboðum og ströngu eftirliti, og hér er til svo mikils að vinna, og svo mikils góðs að vænta, landbúnaðinum til hagsbóta, að réttmætt þykir, að þing og stjórn taki að sér málið á þann hátt, sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Og er það þá gert í trausti þess að bændur landsins og allir aðiljar skilji, að þeirra vegna er það gert, og geri sér ljóst, hver áhætta fylgir þessu og sýni þroska sinn í því að haga sér þar eftir.